

HÓFSÁ Í VESTURDAL

INNANGANGUR

Sumarið 1988 var að þátt veiduleysis Skagafjarðar gerð einu sinni
á Gíðrafla í Vesturdal í vesturhluta Hófsá. Hófsá í
Vesturdal var áður áttíðingurinn Jónsson sem var
brotinn í tvö

ATHUGANIR Á HÓFSÁ Í VESTURDAL

Íslensku nafnið, Transvaal, er notað í öllum hlutum þess. Þetta
er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn
í tvö

TUMI TÓMASSON

Árið 6. ágúst 1988 var áttíðingurinn Jónsson brotinn í tvö
hlutum. Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem
var brotinn í tvö hlutum. Þetta er veiduleysis áttíðingurinn
Jónsson sem var brotinn í tvö hlutum. Þetta er veiduleysis áttíðingurinn
Jónsson sem var brotinn í tvö hlutum.

Hólum, janúar 1990

VMST-N/90004X

ÞAKKAÐUR OG AÐFERÐIR

Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn í tvö
hlutum. Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn í tvö
hlutum. Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn í tvö
hlutum. Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn í tvö
hlutum.

Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn í tvö
hlutum. Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn í tvö
hlutum. Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn í tvö
hlutum. Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn í tvö
hlutum.

Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn í tvö
hlutum. Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn í tvö
hlutum. Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn í tvö
hlutum. Þetta er veiduleysis áttíðingurinn Jónsson sem var brotinn í tvö
hlutum.



VEIDIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

HOFSA Í VESTURDAL

INNGANGUR

Sumarið 1986 var að ósk Veiðifélags Skagafjarðar gerð athugun á útbreiðslu fiskastofna á vatnasvæði Héraðsvatna. Hofsá í Vesturdal var athuguð 10. júlí. Bjarni Jónsson var til aðstoðar í ferðinni. Rætt var við þáverandi formann Veiðifélags Hofsár, Trausta Símonarson í Litlu Hlíð sem tók okkur mjög vel og fræddi okkur um ána og leiðir með henni. Veiðifélag Hofsár er deild í Veiðifélagi Skagafjarðar.

Þann 6. ágúst 1989 var áin athuguð öðru sinni, í þetta skipti að beiðni núverandi formanns veiðifélagsins, Baldurs Sigurðssonar frá Vesturhlíð. Leigutakar árinna höfðu einnig mikinn áhuga á að gerð yrði ný úttekt á ástandi laxa- og bleikjufiskstofnum árinna og var annar leigutakinn, Jón Þóroddsson, til aðstoðar þegar könnunin fór fram.

RANNSÓKNARGÖGN OG AÐFERÐIR

Áin var skoðuð frá ósi og fram fyrir kofann við Fossá. Rafveitt var á sjö stöðum í Hofsá og tveimur í Vestari Jökulsá 1986, og 1989 var rafveitt á sex stöðum í Hofsá. Leitast var við að veiða á því sem næst sömu stöðum og veitt var á 1986 til að fá sem raunhæfastan samanburð á milli ára.

Öll seiði sem veiddust voru greind til tegundar, lengdarmæld og sýni til aldursgreininga (kvarnir og/eða hreistur) voru tekin af hluta aflans. Að auki voru tekin sýni af átta bleikjum og einum laxi úr veiði leigutaka 1989.

Upplýsingar um nýtingu, veiði og fiskrækt voru fengnar á Veiðimálastofnun, og rætt var við Brynjar Pálsson formann Stangveiðifélags Sauðárkróks, sem hafði ána á leigu 1978-1988.

LÝSING Á ÁNNI

Hofsá á upptök sín á Hofsafrétti. Hún er blönduð að uppruna. Í hana falla kvíslar úr Reyðarvatni og Ásbjarnarvötnum og með Fossá berst í sumum árum töluverður jökull, en í öðrum árum er Fossá hrein dragá og þá fellur jökulhvítur leir beint í Vestari Jökulsá.

Samkvæmt kortum er ós Hofsár í Vestari Jökulsá í um 200 m hæð yfir sjávarmáli og við ármót Fossár er hún í um 260 m hæð yfir sjávarmáli. Áin er fiskgeng um 21 km, fram að fossi sem er í um 360 m hæð yfir sjávarmáli.

Framantil er áin frekar gróf í botninn, grýttar flúðir eru ríkjandi, með styttri breiðum á milli. 1986 var töluverður jökull í Fossá og bar hún með sér bæði sand og leir sem fylla oft að grjótinu, og þetta botninn og takmarka þannig fylgsni fyrir seiði. Sumarið 1989 hafði áin framantil hreinsað sig töluvert af þessum jökulframburði og botninn var því skjólmeiri. Áin fellur í þröngu gili frá Fossá að Hrafnagili, um 1.5 km utan við Þorljótsstaði.

Þegar neðar dregur verður áin hallaminni og malarbotn ríkjandi. Þar fellur áin víða á eyrum, og skiptist oft í fleiri kvíslar og gamlir farvegir mynda lænur. Þó er víða smágrýtt á brotum allt niður undir Gilja. Þar fyrir neðan og niður að brúnni er eingöngu malarbotn í ánni. Fyrir neðan brúna fellur áin í þrengri farvegi. Þar er víða grýtt og skjól með bökkum en utar er skjóllitill strengur og botninn mjög þéttur.

Niður hjá Bjarnastaðahlíð er áin stórgrýtt og víða stór björg í henni. Þar er hún aftur skjólmeiri, niður að ármótum sem eru litlu neðar.

VEIÐI OG FISKREKT Í HOFSA

Samkvæmt upplýsingum sem til eru á Veiðimálastofnun var áin leigð út til stangveiði árin 1962-1972 gegn því að sleppt yrði í ána laxaklaki að andvirði kr 10 000 á ári, miðað við verðlag 1962. Árið 1963 var sleppt í ána 5000 kviðpokaseiðum og 1964 var sleppt 20 000 kviðpokaseiðum og 5000 sumaröldum seiðum. Voru þessi seiði öll af Elliðaárstofni. Ekki hef ég frekari upplýsingar frá þessu tímabili. Fyrir þennan tíma mun samt hafa verið lax í ánni. Árið 1962 veiddust í ánni 8-9 laxar, en þá var haft eftir ónafngreindum veiðiréttar-eigendum að áður fyrr hafi verið "töluverð" laxveiði í ánni. Veiðin væri þó að mestu bleikja, og einstaka sjóbirtingur veiddist einnig.

Að sögn Brynjars Pálssonar, formanns Stangveiðifélags Sauðárkróks hafði félag hans ána á leigu 1978-1988. Í leigusamningi þeirra voru einnig ákvæði um seiðasleppingar og var smáseiðum af Blöndustofni sleppt í ána til ársins 1982, þegar rekstri eldisstöðvarinnar á Sauðárkróki var hætt. Eftir það var eingöngu sleppt í ána gönguseiðum, oftast af stofni Laxár í Aðaldal, mest 10 000 seiðum á einu ári.

Brynjar telur að laxveiðin á þessum árum hafi oftast verið á bilinu 8-15 laxar á ári en að bleikjuveiði hafi einnig verið sémileg. Áin hafi þó oft verið mórauð og illveiðanleg því töluverður jökulframburður hafi verið í ánni flest árin.

Frásagnir um veiði eru í góðu samræmi við þær fátæklegu skýrslur sem Veiðimálastofnun hafa borist (Tafla 1). Mesta skráða veiði var 1973 þegar veiddust 39 laxar og 184 bleikjur.

ÁSTAND LAXA- OG BLEIKJUSTOFNA

Þar sem fiskgengt er ákvarðast samkeppnisstaða tegunda fyrst og fremst af botngerð og straumlagi og af vatnshita. Í Hofsa er fyrst og fremst að finna lax og bleikju. Tvö árgömul urriðaseiði (um 5 cm) fundust á stað 4 í rafveiðum 1986, og ekkert 1989. Bleikjan hefur vinninginn þar sem kalt er og

þar sem lygnur eru og fin botnefni. Laxinn er háðari vatnshita og krefst meiri sumarhita en bleikjan. Hann er fyrst og fremst straumvatnsfiskur og sé umhverfið ekki of kalt, ræður hann lögum og lofum þar sem straumhart er en skjólgott, þ.e. á grýttum brotum.

Vaxtarhraði seiða og framleiðslugeta árinna markast af ólífrænu umhverfi, seiðapéttleika og fæðuframboði, sem reyndar er nátengt ólífrænu umhverfi. Við skulum nú skoða niðurstöður rafveiðanna í þessu samhengi.

Rafveiðistaðirnir hafa verið merktir inn á kort (Mynd 1). Árið 1989 var ekki veitt á stað 2 í Hofsá og ekki heldur á veiðistöðunum tveimur í Vestari Jökulsá. Niðurstöður rafveiðanna eru settar fram í Töflum 2 og 7 og á Myndum 2 og 3.

Bleikja er ríkjandi tegund í ánni. Vöxtur seiða er góður, betri en almennt gerist í öðrum bleikjuám á Norðurlandi. Mest ber á seiðum sem eru á 2. ári (þ.e. 1+ seiði), en vorgömul seiði (0+) fundust einnig víða bæði árin. Heldur færri bleikjuseiði veiddust á fremstu stöðunum 1989 en 1986. Mjög fá bleikjuseiði virðast dveljast meira en tvo vetur í ánni áður en þau halda til sjávar. Seiði sem höfðu dvalið þrjá vetur í ánni (3+) voru öll kynþroska hængar sem óvíst er að myndu nokkurn tíma ganga til sjávar.

Eftir af bleikjan gengur til sjávar er hún fjarri heimaslóðum í tvö til þrjú ár, eða þar til kynþroska er náð, en Hofsá virðist ekki vera vetrardvalarstaður fyrir ókynþroska bleikju. Minnstu bleikjurnar sem sýni voru tekin af voru 34 og 37 cm hængar sem voru báðir 4+ og höfðu líklega verið þrjú sumur í sjó og voru að ganga til hrygningar í Hofsá í fyrsta skipti. Hrygna, 37.5 cm var sömuleiðis að koma í fyrsta skipti, líklega eftir fjögur sumur í sjó. Stærsta bleikjan. 51 cm og 2 kg hrygna, var 8+ og hafði farið í sína fyrstu hrygningargöngu fyrir fjórum árum. Fjórar bleikjur 6-7 vetra höfðu allar hrygnt áður.

Þetta eru of fá sýni til að hægt sé að draga af þeim mjög almennar ályktanir. Hátt hlutfall fiska sem hafa hrygnt áður bendir til að veiðiálag sé ekki mjög mikið, en hafa þer í huga að það eru ávalt þessir fiskar sem ganga fyrstir og það er því ólíklegt að þetta hlutfall endurspegli gönguna í heild sinni.

Sumarið 1986 fundust mjög fá laxaseiði í rafveiðunum. Af þremur seiðum sem veiddust á stað 3 voru tvö í göngubúningi. Samkvæmt aldursgreiningu hreisturs voru þessi seiði 4+, en ekki er hægt að segja með vissu hvort þeim hafði verið sleppt þarna eða hvort þau voru úr náttúruklaki. Líklegt má þó telja að þau séu af síðustu smáseiðasleppingu í Hofsa árið 1982. Stærri seiðin á stöðum 5, 6, 7 og stað 2 í Vestari Jökulsá voru ýmist 3+ eða 4+ og á stöðum 5 og 7 fundust vorgömul laxaseiði. Hins vegar vantaði alveg tvo árganga, þ.e. 1+ og 2+ seiði úr hrygningunum sem vera áttu haustin 1983 og 1984.

Staða lax í Hofsa var mun sterkari síðastliðið sumar en 1986. Reyndar fundust mjög fá seiði úr hrygningunni 1985 (0+ 1986, 3+ 1989), en 2+ seiði fundust allt frá stað 3 og niðurúr. Einungis fundust tvö árgömul laxaseiði, og engin vorgömul. Laxaseiðin voru mjög vel haldin, en frekar smá miðað við aldur. Ekki eru líkur á að áin geti fóstorað náttúruleg laxaseiði upp í göngustærð á skemmri tíma en fjórum árum og að stór hluti árgangsins verði að dvelja fimm ár í ánni áður en göngubroska er náð.

Það eru litlar líkur á öðru en laxveiði í Hofsa nema sem einstaka lax næstu árin. Fyrsti lax sem skilar af þeim seiðaárgangi sem nú er ríkjandi í ánni gæti komið sem smálax árið 1992, en skili árgangurinn sér á annað borð inn í veiðina yrði það aðallega á árunum 1993-1994. Fjórtán punda laxahrygna sem leigutakar veiddu í ánni í ágúst 1989 hafði verið 5 vetur í ferskvatni og tvö ár í sjó.

Þegar vöxtur laxa er skoðaður af hreistri kemur oftast í ljós að vöxturinn hefur verið tiltölulega slakastur fyrstu tvö

árin, en síðar farið batnandi. Þetta, ásamt því að hlutur laxaseiða í rafveiðunum eykst almennt þegar neðar dregur, bendir til að áin sé a.m.k. sum árin of köld til að geta almennilega komið eigin klaki á legg.

Löng ferskvatnsdýl seiða og löng ganga til sjávar takmarkar mjög möguleika Hofsár til laxaframleiðslu. Þegar göngur eru mjög litlar er einnig hætt á að veiðiálagið verði mjög hátt, jafnvel svo að hrygning verði minni en æskilegt er og jafnvel engin sum árin.

ÁLYKTANIR

Í Hofsá eru víðast góð uppeldisskilyrði fyrir bleikju. Botngerð og straumlag henta laxaseiðum vel framantil í ánni og svo aftur á neðri svæðunum.

Ekki er að sjá annað en að áin nýtist vel til bleikjuframleiðslu. Þó kæmi til greina að sleppa bleikjuseiðum fremst í ána, frá Fossá og fram fyrir foss. Það ætti þó ekki að gera nema eftir að þetta svæði hefur verið athugað nánar.

Erfitt er að meta hve mikla veiðiaukningu bleikjuseiðasleppingar gætu gefið. Í besta tilfalli gæfu þær í hlutfalli við stærð þess svæðis sem sleppt yrði á. Það þarf því að liggja fyrir hve mikil bleikjuveiði er að jafnaði í Hofsá. Bleikjan sem veiðist í Hofsá er í veiðinni í Héraðsvötnum og í sjávarveiðinni í tvö þrjú sumur áður en hún gengur í fyrsta skipti upp í Hofsá sem fullorðinn fiskur. Að auki lendir hún í sjávarveiðinni og veiðinni í neðri hlutum vatnasvæðisins í 6-8 vikur á hverju sumri. Það er því tæpast von til að bleikjuseiðasleppingar muni skila mikilli veiði í Hofsá. Eins og áður segir er best að dæma möguleikana út frá veiðinni eins og hún hefur verið. Þær upplýsingar sem til eru um þessa veiði eru í Töflu 1, en skráningum á bleikjuveiði er oft ábótavant.

Svo er að skilja að laxveiði í Hofsá hafi aldrei verið mikil, og sjálfsagt eru tiltölulega meiri sveiflur í henni en í flestum laxveiðiám. Með seiðasleppingu má jafna og auka

gönguseiðaframleiðslu árinna, en þá yrði jafnframt að fylgjast með náttúrulegri nýliðun, því seiðasleppingar geta haft þveröfug áhrif frá því sem til er ætlast þegar nóg er af seiðum fyrir.

Eg tel að núna mætti sleppa um 2500 laxaseiðum á um 4 km kafla frá Fossá og niður fyrir Þorljótsstaði (u.þ.b. tveimur seiðum á hverja þrjá metra). Mikilvægt er þá að sleppa ekki of smáum seiðum (helst 6-8 cm) því stærri seiði vaxa tiltölulega mun betur í köldu vatni en smærri seiði. Ætla má að heimtur í veiði myndu skila sér eftir 4-5 ár, þá um eða innan við 0.5%.

Svo virðist sem fæðuframboð handa seiðum í Hofsa sé vel viðunandi. Þó er hætt á að það minnki verulega blandist jökull í ána. Með jöklinum minnkar frumframleiðsla vegna minnkandi rýnis, auk þess sem sandur og leir sem berst með jökulvatninu sverfa botninn. Að auki þéttir framburðurinn botninn og rýrir hann sem viðverustað fyrir seiði. Sé hægt að gera ráðstafanir til að hindra að jökulleirinn berist í Hofsa gæti slík aðgerð vel borgað sig.

Þótt gripið yrði til framangreindra ræktunaraðgerða tel ég að laxveiði í Hofsa muni tæpast fara upp fyrir marga tugi á ári. Gönguseiðasleppingar eru nú í auknum mæli notaðar til að bæta laxgengd í ám í Norðurlandi. Miðað við þá löngu leið sem seiðin þurfa að ganga til sjávar og reynslu af sleppingum síðustu ára tel ég mikla bjartsýni að ætla að heimtur úr slíkum sleppingum yrðu að jafnaði meiri en 0.5-0.7% í veiði.

Hyggist menn sleppa seiðum í Hofsa ætti helst að nota til þess seiði af stofnum árinna, þótt einnig kæmi til greina að nota laxaseiði af öðrum stofnum á Héraðsvatnasvæðinu. Allar prósentutölur sem hér hafa verið nefndar byggja á reynslu úr öðrum ám auk þess sem reynt hefur verið að taka tillit til aðstæðna í Hofsa. Mikilvægt er að halda góðar skýrslur um veiðiálag og veiði í ánni, en slíkar skýrslur eru nauðsynlegar til að hægt sé að fá áreiðanlegra mat á árangri ræktunaraðgerða. Vegna eðli fyrri leigusamninga um veiðirétt

í Hofsa, sem mér er kunnugt um, vil ég sérstaklega taka fram eftirfarandi: Þótt seiðasleppingar geti haft veruleg áhrif á fjölda veiddra fiska og tegundasamsetningu veiðinnar, tel ég ólíklegt að þær muni hafa varanleg áhrif eftir að þeim er hætt. Með seiðasleppingum mun tæplega verða "ræktaður upp" sá stofn í ánni sem á eigin spítur myndi standa undir meiri laxgengd en orðið hefði ef til seiðasleppinganna hefði ekki komið. Hagkvæmni seiðasleppinga verða menn því að meta með hliðsjón af veiðimöguleikum sem yrðu þegar þessi seiði yrðu fullvaxta fiskar, en ekki með tilliti til hvaða áhrif sleppingarnar gætu haft á komandi fiskakynslóðir í ánni.

Tafla 1. Veiði í Hofsa í Vesturdal samkvæmt skýrslum Veiðimálastofnunar. Smálax er lax sem dvalið hefur eitt ár í sjó. Stórlax er veiddur á göngu upp í árnar eftir tveggja ára sjávardvöl.

	Smálax	Stórlax	Sjóbleikja	Sjóbirtingur
1981	10	0	34	0
1980	1	15	39	1
1979	6	10	70	1
1978	0	9	38	3
1977	6	9	29	3
1974	12	11	177	4
1973	14	25	184	0

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxaseiða af mismunandi aldri í Hofsa 10/7 1986. Veiðistaðir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

		Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²				
Staður nr	Stærð m	0+	1+	2+	3+	4+
3	45x15	-	-	-	-	0.4
5	50x5	4.0	-	-	0.4	0.4
6	40x5	-	-	-	-	0.5
7	40x10	0.2	-	-	0.2	-

Tafla 3. Fjöldi veiddra laxaseiða af mismunandi aldri í Vestari Jökulsá 10/7 1986. Veiðistaðir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

		Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²				
Staður nr	Stærð m	0+	1+	2+	3+	4+
2	80x5	-	-	-	0.2	0.2

Tafla 4. Fjöldi veiddra laxaseiða af mismunandi aldri í Hofsa 6/8 1989. Veiðistaðir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

		Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²			
Staður nr	Stærð m	0+	1+	2+	3+
3	70x10	-	-	0.1	0.3
4	60x6	-	-	3.0	-
5	50x7	-	-	4.0	-
6	60x6	-	0.3	1.1	-
7	70x12	-	0.1	0.7	0.1

Tafla 5. Fjöldi veiddra bleikjuseiða af mismunandi aldri í Hofsa 10/7 1986. Veiðistaðir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m²

Staður nr	Stærð m	0+	1+	2+	3+
1	35x10	1.4	4.3	1.1	-
2	20x20	-	0.7	0.5	0.5
3	45x15	0.3	3.0	0.1	0.3
4	40x15	0.5	5.5	-	0.2
5	50x5	4.0	2.0	-	-
6	40x5	4.5	6.5	2.5	-
7	40x10	0.2	2.0	1.0	-

Tafla 6. Fjöldi veiddra bleikjuseiða af mismunandi aldri í Vestari Jökulsá 10/7 1986. Veiðistaðir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m²


Staður nr	Stærð m	0+	1+	2+
1	60x5	-	0.3	-
2	80x5	2.2	5.0	0.2

Tafla 7. Fjöldi veiddra bleikjuseiða af mismunandi aldri í Hofsa 5/8 1989. Veiðistaðir eru merktir inn á kort (Mynd 1).




Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m²

Staður nr	Stærð m	0+	1+	2+	3+
1	40x15	0.2	0.3	-	-
3	70x10	0.1	0.4	0.3	0.3
4	50x6	0.3	2.7	0.3	0.3
5	50x7	5.7	4.6	-	-
6	40x6	1.2	6.2	-	-
7	70x12	0.2	1.9	0.4	-




190190
SKYR89
HOFSA.89



Mynd 1. Yfirlitskort af Hofsa í Vesturdal. Rafveiði-
staðirnir eru merkir inn á kortið.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiðdra laxaseiða í Hofsa og Vestari Jökulsá 1986 og 1989. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Hofsá og Vestari Jökulsá 1986 og 1989. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).